



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1310

FUNDARBOÐ

1310. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
24. mars 2020 og hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2003191 - Covid 19 - Ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga

Þriðjudaginn 17. febrúar sl. samþykkti Alþingi breytingar á sveitarstjórnarlögum sem ætlað er að skapa sveitarfélögum svigrúm til að bregðast við neyðarástandi og tryggja að sveitarstjórnir verði starfhæfar.

Breytingarnar kveða á um að ráðherra geti veitt sveitarstjórnnum tímabundna heimild til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga til að sveitarstjórn sé starfhæf við neyðarástand og til að auðvelda ákvarðanatöku. Þetta er gert til að bregðast við aðstæðum sem hafa skapast vegna Covid-19 kórónaveirufaraldursins.

Í greinargerð með frumvarpi til laganna segir að rétt þyki að rýmka reglur um fjarfundi til að bregðast við tilmælum yfirvalda um sóttvarnir, án þess að það torveldi ákvarðanatöku innan stjórnkerfis sveitarfélaga.

Auglýsing ráðherra um framangreind bráðabirgðaákvæði birtist í Stjórnartíðindum og tók gildi þann 19. mars sl.

Samband Íslenska sveitarfélaga hefur einnig gefið út leiðbeiningar til sveitarstjórna um tilhögun fjarfunda.

2. 2003133 - Aðgerðir Akraneskaupstaðar vegna Covid-19

Covid-19 og samkomubann hefur haft mikil áhrif á starfsemi í stofnunum Akraneskaupstaðar.

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri fer yfir stöðuna í stofnunum og þau viðbrögð og aðgerðir sem gripið hefur verið til.

3. 2001229 - Skýrsla bæjarstjóra 2020

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri fer yfir helstu atriði í störfum sínum frá 26. febrúar síðastliðinn.

4. 2003185 - Blóðskilun heilbrigðisþjónusta í heimabyggð

Velferðar- og mannréttindaráð óskar eftir að bæjarstjórn Akraness beiti sér fyrir því að heilbrigðisyfirvöld byggi upp bættu heilbrigðisþjónustu á Akranesi með uppsetningu á blóðskilunarvél á Heilbrigðisstofnun Vesturlands.

5. 1909277 - Umsókn í framkvæmdasjóð aldraðra 2020

Akraneskaupstaður hefur sótt um styrk úr Framkvæmdasjóði aldraðra vegna uppbyggingar þjónustumiðstöðvarinnar að Dalbraut 4 en umsóknarfresturinn rann út þann 24. febrúar síðastliðinn.

Til samþykktar er staðfesting bæjarstjórnar Akraness á fjármögnum framkvæmdarinnar.

6. 2001282 - Deiliskipulag Skógarhverfis 2. áf. - Fagrilundur 3A og 3B

Beiðni um að fá að breyta lóðarmörkum milli Fagralundar 3A og 3B. Skipulags- og umhverfisráð lagði til að grenndarkynna skipulagsbreytinguna skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum við Fagralund 1A-1C, 5-7, Akralundi 13, 15, 17 og 19. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

7. 1911181 - Deiliskipulag - Garðabraut 1

Lögð fram skipulagslýsing vegna lóðar við Garðabraut 1.

Lagt er til við bæjarstjórn að skipulagslýsingin verði send umsagnaraðilum og auglýst til kynningar samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagslýsingin tekur til áforma um deiliskipulag lóðarinnar við Garðabraut 1.

8. 2003189 - Flóahverfi - Lækjarflói 10

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að lóð við Lækjarflóa 10 verði skipt upp sbr. meðfylgjandi uppdrátt. Breytingin fellur undir 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Fundargerðir til kynningar

9. 2001002 - Fundargerðir 2020 - Bæjarráð

3405. fundargerð bæjarráðs frá 12. mars 2020

10. 2001004 - Fundargerðir 2020 - Skóla- og frístundaráð

126. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 17. mars 2020.

11. 2001005 - Fundargerðir 2020 - Skipulags- og umhverfisráð

146. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 9. mars 2020.

147. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 18. mars 2020. (kemur í gáttina á mánudag).

12. 2001003 - Fundargerðir 2020 - Velferðar- og mannréttindaráð

123. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 18. mars 2020.

13. 2001008 - Fundargerðir 2020 - SSV

151. fundargerð Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi frá 5. febrúar 2020.

14. 2001014 - Fundargerðir 2020 - Faxaflóahafna

189. fundargerð Faxaflóahafna sf. frá 20. mars 2020.

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri.